

Leiklist 3. bekkur 2022-2023

Lýsing

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Kennsla í leiklist byggir á samskiptaæfningum þar sem nemendur fara ýmist eftir handriti eða leika af fingrum fram. Í lok hverar lotu er sett upp leiksýning. Í hverjum tíma er tekið fyrir eitt lag.

Kennt er í lotu 2x í viku í 7 vikur.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Hver hópur fær 13 – 14 skipti (ca. 7 vikur, 160 mínútur á viku)	Samskiptaæfingar – stutt atriði leikin eftir handriti.	Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.
	Stutt atriði leikin af fingrum fram.	Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.
	Eitt yfirgrípandi þema/minni leikþáttur sem lýkur með sýningu í lok lotu.	Lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.
	Tónlist: Eitt lag ásamt texta er tekið fyrir í hverjum tíma.	Beitt einföldu formi leiklistar.

Grunnþættir menntunar

Aðallega er unnið með sköpun þar sem nemendur fá tækifæri til að sýna styrkleika sína og sköpunarkraft með því að uppgötva, njóta, virkja ímyndunaraflíð og leika sér með möguleika.

Námsmat

Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og byggir á metanlegum hæfniviðmiðum sem valin hafa verið, ásamt því sem horft er til virkni, samvinnu og sjálfstæðis.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Virðing er leiðarljós í samskiptum.
Skyldur nemenda	Að taka verkefnið alvarlega, allir vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitsemi og trúðmennsku, allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð, að virða jafnt nemendur sem kennara. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.
Skyldur kennara	Að taka verkefnið alvarlega, allir vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitsemi og trúðmennsku, allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð og virða nemendur.

Sel - Leiklist 3. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - Leiklist 3. bekkur - Leiklist

- Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.
- Beitt einföldu formi leiklistar.
- Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.
- Lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.